




# DEILISKIPULAG ÍPRÓTTA-OG ÚTIVISTASVÆÐIS Á VOPNAFIRÐI



Tillaga að deiliskipulagi



Snið A-A 1:500



Snið B-B 1:500

## Greinargerð

### Inngangur

Útivistar- og íþróttasvæði Vopnafjarðar er falin perla í austfirsku landslagi þar sem útsýni er mikið og náttúrulegar jarðmyndanir fá að njóta sín í takt við látláus mannvirki og landmótun á svæðinu. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistar- og íþróttasvæði og gegnir sem slíkt mikilvægu hlutverki í sveitarfélaginu öllu. Nauðsynlegt er að styrkja stöðu þess og stýra uppbyggingu með tilliti til gæða svæðisins í dag.

### 1. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

#### 1.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhræpps 2006-2026 er landnotkun skipulagsvæðisins að mestu skilgreint sem „Opíð svæði til sérstakra nota“ - Opín svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt. Stærstur hluti Kolbeinstanga er skilgreindur sem opíð svæði til sérstakra nota. Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir því, að opnu svæðin sem umlykja byggðina myndi samfellda heild og að auðvelt sé að tengja þau saman með gönguleiðum/útivistarstígum og gróðurbeltum. Samkvæmt Aðalskipulaginu er svæðið flokkað sem íþróttasvæði-Ú3 og segir eftirfarandi um það: Ofan byggðarinnar er íþróttasvæði, malarvöllur ásamt grasvallarstöðu til knattspyrnuíðkunar. Á svæðinu er gert ráð fyrir að framtíðaríþróttasvæði byggist upp á tímabilinu. Samkvæmt Aðalskipulaginu liggja fjórir útivistarstígar að svæðinu.

#### 1.2 Deiliskipulag

EKKERT deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

### 2. Skipulagsvæðið

#### 2.1 Afmörkun og lega

Deiliskipulagsvæðið er staðsett á Kolbeinstanga fyrir ofan íbúðabyggð Vopnafjarðar og afmarkast af íðnaðarsvæði vestan megin, íbúðabyggð sunnan megin og landslagi norðan og austan megin. Stærð deiliskipulagsvæðisins er um 75.000 m<sup>2</sup>.

#### 2.2 Staðhættir

Svæðið einkennist af mikilli náttúruferu og einstökum klettamyndunum. Útsýni af svæðinu til norðurs og austurs er mikið. Gengið hefur verið um svæðið af virðingu og varfærni. Athafnasvæði sem er staðsett vestan við íþróttasvæðið hefur talsvert ólíkt yfirbragð og þarf að huga sérstaklega að því við uppbyggingu svæðisins. Í dag er á svæðinu nýlegur keppnisvöllur sem afmarkast af háum gírdingum norðan og sunnan megin. Í suðausturhorni vallarins eru náttúrulegir klettur sem eru nýttir sem áhorfendastúkur á stærri leikjum. Bráðabirgðahúsnæði fyrir Ungmennafélagið Einherja er staðsett austan við klettana. Austan við keppnisvöllinn eru eldri knattspyrnuvöllir. Einn eldri knattspyrnuvöllur (í flokki D samkvæmt skilgreingu knattspyrnusambandsins KSÍ) er innan deiliskipulagsvæðisins og er hann nýttur sem æfingavöllur. Akfær malarstígur liggur að svæðinu bæði úr norðri og suðri. Margar gönguleiðir liggja að svæðinu í dag.

### 3. Markmið deiliskipulagsins

Sam hluti af framtíðarsýn svæðisins eru hér sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

- skilgreina lóð og byggingarreit fyrir vallahús
- bæta aðstöðu til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar og útiveru
- skapa aðlaðandi útivistarsvæði þar sem náttúrulegt og manngert umhverfi myndi eina heild efnis- og útlitslega.
- tryggja aðkomu gangandi, hjólandi og akandi að aðstöðu á svæðinu með áherslu á stiga og gönguleiðir sem tengjast íbúðabyggð.
- tryggja aðgengi fyrir alla að allri aðstöðu á svæðinu.
- að klettamyndanir haldi sér eins og kostur er.
- að öll uppbygging og skógrækt fari fram á forsendum núverandi umhverfisgæða.

### 4. Skipulagstillaga

Skilmálar þessi gilda fyrir hið afmarkaða skipulagsvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu vallahúss, áhorfendastæðis og aðstöðu til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar og útivistar.

#### 4.1 Keppnis- og æfingavöllur

Keppnisvöllur er staðsettur í suðvesturhorni svæðisins og er 105 m x 68 m. Samkvæmt reglugerð KSÍ skal vera öryggissvæði umhverfis leikvelli. Svæðið skal ná a.m.k. 6 m frá hlóðarlínu og 7,5 m frá endalínu, þar af skal 1,5 m lagður sama efni eða sambærilegu efni og leikvöllur.

Gert er ráðid fyrir áhorfendastæði vestan við keppnisvöllinn verði mótað í mön með möguleika á timbursætum, með samræmdu efnisvali við aðrar framkvæmdir innan svæðisins. Þessir áhorfendapallar/-stæti skulu falla að landslagi á vandaðan og náttúrulegan hátt. Við gerð manarinnar skal gæta að því að skerða ekki núverandi skjólbelti við Háholt og að halda í náttúrulegar klettamyndanir eins og kostur er. Upphitunarsvæði fyrir leikmenn er staðsett norðan keppnisvallarins. Heimilt er að hafa auglýsingaskilti sem snúa inn að keppnisvelli og æfingavelli. Ekki er heimilitt að staðsetja skilti annars staðar innan deiliskipulagsvæðisins. Miðsvæðið innan deiliskipulagsreitsins er fjölnota íþróttasvæði. Meðal annars er gert ráð fyrir þriggja reina hlaupraubraut vestan megin við æfingavöllinn er nýttir undir langstökk, þröstökk og 50 metra kapphlaup.

Austar á deiliskipulagsreitnum er eldri knattspyrnuvöllur í flokki D (sjá ofar) og er hann nýttur sem æfingavöllur. Gert er ráð fyrir sérstökum framkvæmdum við keppnis- og æfingavöllinn er miða að því að bæta aðstöðu íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir öryggissvæði samkvæmt skilgreingu KSÍ umhverfis völinn. Ekki er gert ráð fyrir flóðlýsingu við keppnis- og æfingavöllina.

#### 4.2 Göngu- og hjóleiðastigar

Stígakerfið verður styrkt og munu stígarnir flétta saman byggð og útivistarsvæði. Þeir eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð. Deiliskipulagið sýnir leiðbeinandi legu stiga og mun lega þeirra verða endanlega ákveðin við nánari hönnun svæðisins.

Stofnstígur er að jafnaði 3 metra breiður og er annað hvort malbikaður eða uppbyggður þannig að hann nýttir líka sem hjólastígur. Stofnstígur skal vera upplýstur á lágstemdan hátt sem veður sem minnsti ljósmengun. Rík áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla. Má þar nefna hæðarfstöðu yfirborðs stiga og fjölgun áningarstaða/bekki meðfram stofnstígum. Stofnstígur tengja saman íbúðabyggð og útivistarsvæði.

Tengistígur skulu vera með vandað yfirborð og tengjast stofnstígum. Ekki er gerð krafa um aðgengi fyrir alla á tengistígum og er breidd þeirra breytileg. Allir stígar geta að hluta til verið með timburfyrirborði með samræmdu efnisvali við aðrar framkvæmdir innan svæðisins. Sérstaklega þar sem þeir tengjast aðstöðu og áningarstöðum. Gert er ráð fyrir hjólastæðum við austurenda bilastæðareits.

#### 4.3 Aðkoma og bilastæði

Aktursaðkoma að svæðinu er ein og skal vera sameiginleg fyrir mannvirki og þjónustu innan deiliskipulagsvæðisins. Aðkoma er að svæðinu norðvestan til við keppnisvöllinn, um Búðaröl og eftir framlegdum Vesturárbálsvegi. Þar er gert ráð fyrir aðkomu allrar akandi umferðar að svæðinu. Bilastæði erum samnýtt fyrir alla starfsemi svæðisins. Fjöldi og staðsetning bilastæða fyrir hreyfihamaða skal vera í samræmi við byggingarreglugerð. Gert er ráð fyrir a.m.k. tveimur stæðum fyrir rútur.

#### 4.4 Hönnun mannvirkja

Vanda skal til allrar hönnunar og frágangs bygginga og lóða.

Gerð er krafa um að allar byggingar og landmótun falli vel að umhverfinu og skerði ekki útsýni eins og kostur er. Byggingar og mannvirki verði í einföldum formum með samræmdu lita- og efnisvali sem taki mið af jarðtónum. Skipulagsnefnd skal samþykka útlit bygginga og annarra mannvirkja innan skipulagsvæðisins. Húsagerð skal vera í samræmi við mæli- og hæðarblöð, skilmála þessa, byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem um framkvæmdina gilda. Samræma skal efnisval skjólgírdinga við önnur mannvirki. Staðsetning og útlit eru háð samþykki skipulagsnefndar.

#### 4.5 Vallarhús og áhaldageymslur

Heimilt verði að reisa einnar hæðar þjónustuhúsi undir starfsemi knattspyrnuvallanna. Þjónustuhúsið risi innan byggingarreits en stærð byggingarreits, lögum þess og fjarlægðir frá lóðarmörkum verði samkvæmt mæliblaði. Syðri mörk byggingarreits verði í línu við miðlínu keppnisvallar. Nyrðri mörk byggingarreits verði um það bil 4 metra frá nyrðri endalínu keppnisvallar. Heimilt er að útlitörppur, skábrautir og verandir nái út fyrir byggingarreit. Þó skal gæta að því að raska sem minnst náttúrulegar klettamyndanir við syðri mörk byggingarreits. Ætluð stærð byggingarreitsins er 580m<sup>2</sup>. Vesturmörk byggingarreitsins er bundin af mörk öryggissvæðis keppnisvallarins. Þak þjónustuhússins er einhalla. Hæsta ætlaða hæð þjónustuhússins er 4,75 metrar en heimilúð frávik eru allt að +/-0.50 metrar. Stærð lóðar er um það bil 14805m<sup>2</sup> og er áætlað nýtingarhlutfall þjónustuhússins því um allt að N=0.04. Útbúnaður verða mæli- og hæðarblöð sem kvæða nánar á um ýmis atriði svo sem lóðarstærð og hæðarsetningu.

Heimilt verði að reisa einnar áhaldageymslur innan byggingarreita. Stærð byggingarreita, lögum þeirra og fjarlægðir frá lóðarmörkum verði samkvæmt mæliblaði. Áhaldageymslur skulu klæddar með klæðningu til samræmis við önnur mannvirki.

#### 4.6 Menningar- og náttúrumenjar

Talsverð verðmæti felast í uppbyggingu vandaðs íþróttar- og útivistarsvæðis með áherslu á verndun þessa landslags og þeirrar náttúruferuðar sem einkennir svæðið. Lögð er áhersla á að efla frekar aðstöðu til náttúruskoðunar og fræðslu með upplýsingaskiltum um fugla svæðisins, landslag, kenneilitt og sögu svæðisins. Þannig fléttast saman fræðsla um svæðið og fjölbreytt náttúruupplifun.

#### 4.7 Gróðuruppbygging

Lagt er til að gróður verði stór hluti af yfirbragði svæðisins og ásynd þess. Lögð er áhersla á að styrkja líffræðilega fjölbreytni og að það endurspeglit í gróðurvali. Taka skal mið af staðhættum og velja tegundir sem þrífast vel í ríkjandi veðurfarum. Stefnt skal að aukinni sjálfbærni með því að hanna gróðursvæði sem krefjast minni umhirðu. Efla skal svæðið sem uppsprettu fræðslu og náttúruupplifunar. Hafin er gróðursetning á sterkum og skjólmýndandi trjám norðan við skipulagsvæðið líkt og Alaskáps, Stafafuru og Sitkagreni. Gert er ráð fyrir að innan svæðis verði notast við fingerðari tegundir líkt og eini, víði, birki, selju og fjölbreyttari tegundum eftir því sem gróðri vindur fram og skjóli myndast fyrir viðkvæmari tegundir.

Lögð er áhersla á að gróður sé markvisst notaður sem nýmýsmýndandi í skógrækt og leiðandi við stiga. Huga skal sérstaklega að sjónsámum og útsýni við alla gróðursetningu.

#### 4.8 Áningarstaðir

Gert er ráð fyrir fjölbreyttum áningarstöðum innan svæðisins sem eru tengdir með göngustígum. Lögð er áhersla á að byggja upp fjölbreytta aðstöðu sem nýttir öllum aldurshópum. Gert er ráð fyrir uppbyggingu folf-vallar (Frisbee Golf) á svæðinu og mun nánari útfærsla hans vinnast í samráði við fagaðila.

#### 4.9 Útígögn

Öll útígögn svo sem merkingar/skilti, vegvísar, bekkir, vatnspóstar, hjólastæði, lýsing o.s.frv. skal vera samræmd yfir allt deiliskipulagsvæðið.

#### 4.10 Efnisval

Lögð er áhersla á hagkvæma og einfalda efnisnotkun í hlvetna sem fellur vel að þeim litum og því yfirbragði sem einkennir náttúrulegt umhverfi svæðisins. Efni þurfa að veðrast vel og vera endingargóð. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi og vistfræðileg gildi í fyrirrúmi.

### 5. Umhverfismat

#### 5.1 Jákvæð áhrif


Þessi deiliskipulagstillaga:

- Styrkir líf á svæðinu með uppbyggingu íþróttar- og útivistarsvæðis.
- Gerir fleirum kleift að stunda útivist og hreyfingu.
- Styrkir líffræðilega fjölbreytni og skjólmýndun.
- Bætur nýtingu íþróttasvæðisins
- Bætur frá aðstöðu til fjölbreyttri íþróttaiðkunar og útivistar í göngufærni.
- Stígar tengja svæðið með þéttu neti stofn- og tengistiga til austurs og gönguleiðum um ósnerta náttúru til vesturs og norðurs.

#### 5.2 Neikvæð áhrif

• Gera má ráð fyrir aukningu í akandi umferð, aðallega meðfram svæðinu en aukin umferð getur leitt af sér staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist.

Akandi umferð verður sem fjærst íbúðabyggðinni með það að markmiði að skerða ekki öryggi gangandi- og hjólandi vegfaranda.



Hluti Aðalskipulags Vopnafjarðarhræpps 2006 - 2026

## Skýringar:

- Mörk skipulagsvæðis
- Aðalaðkoma að skipulagsvæðinu
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Stærð byggingarreits
- Gólfkóti 1. hæðar
- Fjöldi hæða
- Reitur undir bilastæði
- Bilastæði (lega leiðbeinandi)
- Afmörkun aktursvæðis (lega leiðbeinandi)
- Kvæð um grænt svæði
- Klettur og klettabelti
- Útivistarsvæði til sérstakra nota (lega og notkun leiðbeinandi)
- Skógrækt (lega leiðbeinandi)
- Gönguleið stofnstigur (lega leiðbeinandi)
- Gönguleið tengistígur (lega leiðbeinandi)
- Núverandi byggingar

11.6.2018: LAGFÆR SKV. ÁBENDINGUM SKIPULAGSSTOFNUNAR DAGSETTUM 15.5.2018.



Vopnafjarðarhreppi

DEILISKIPULAG ÞETTA SEM FENGID HEFUR MEDFER (SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 41. gr. SKIPULAGSLAF nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í skipulags- og umhverfisráði PANN 22/8 2018 OG Í knattspyrnu- og útlitarráði PANN 6/9 2018

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ 29/6 2018 MEE ATHUGASEMDFREST TIL 13/8 2018.

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VA BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA PANN

**YRKI ARKI TEKTAÐ**  
 Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
 Sími: +354 552 6629  
 Kt: 560997-3109  
 www.yrki.is  
 yrki@yrki.is  
Asta H. Agústóttir, Annika F. J. Sólvieg Berg, Annika F. J.

VERKGAUPI	VERK	VOPNAFJARÐARHREPPUR ÍPRÓTTASVÆÐI	
DAGSETN.	MKV.	TEKNAÐ AF	ÚTGEFID AF
24.4.18	1:1000 / 1:500	SÖHVEFSKULÓ	SKJÁHÁ
TEKNING	VERK NR.	TEKNING NR.	ÚTGÁFA
D01	V291A	1	af 2